

Skýrsla um starf Eta-deildar árin 2004 – 2006.

Flutt á aðalfundi deildarinnar, 24. apríl 2006, kl. 18 :00,
haldinn á
veitingastaðnum *Litli ljóti andarunginn*
við Lækjargötu, Reykjavík.

Á síðasta aðalfundi sem haldinn var í Listhúsinu í Laugardal við Engjateig þann 10. maí 2004 var samþykkt eftirfarandi stjórn sem hefur setið óbreytt s.l. tvö ár :

Gerður Guðmundsdóttir, formaður
Rannveig G. Lund, varaformaður
Kristín Ágústa Ólafsdóttir, gjaldkeri
Ósa Knútsdóttir, ritari

Á þeim sama fundi voru gerðar tillögur um að vinna að ákveðnum málefnum, sem eru :

- Leiðtogar í fræðslumálum
- Listir í skólastarfi
- Að kynnast hver annarri betur

Stjórnin hefur leitast við að hafa þessi málefni að leiðarljósi í starfi sínu.

Fyrri veturinn, þ.e. 2004 – 2005, voru haldnir 6 fundir í deildinni, 3 fyrir áramót og 3 eftir áramót og sami háttur var hafður á 2005 – 2006.

Á fyrra starfsári, var fyrsti fundur haustið 2004 haldinn 30. september á Veitingastaðnum *Horninu* við Hafnarstræti. Þá fór fram inntaka þriggja nýrra félaga, þeirra Kirstenar Friðriksdóttur, Kristínar Steinarsdóttur og Vilborgar Jóhannsdóttur. Rósa Kristín Júlíusdóttir, þáverandi forseti landssamtakanna, kom á fundinn og stýrði inntökuafhöfninni.

Gestur fundarins var Anna Flosadóttir, deildarstjóri í Hlíðaskóla, móðurskóla list- og verkgreina í Reykjavík, og hélt hún erindi um þróunarstarfið og sýndi myndir.

Næsti fundur var haldinn 1. nóvember í Reykjavíkurakademíunni við Hringbraut. Rannveig Lund, sem þar starfar, sýndi okkur húsakynni og

fræddi okkur um nokkra þætti þeirrar fjölbreyttu starfemi sem þar hefur verið.

Gestur fundarins var Sigrún Jóhannesdóttir, menntaráðgjafi, félagi í Deltadeild. Hún fræddi okkur um hvaða eiginleikum leiðtogar þurfa að vera búnir og setti okkur í ýmsa hlutverkaleiki til að prófa hugmyndir á eigin skinni.

Þriðji fundurinn var jólafundur, haldinn 3. desember. Að venju hýsti Stefanía Stefánsdóttir fundinn í húsakynnum Kennaraháskólans að Skipholti 37. Við snæddum hefðbundinn jólamat og Jóhanna Kristjónsdóttir, rithöfundur, las úr nýrri bók sinni: *Arabíukonur. Samfundir í fjórum löndum*.

Fyrsti fundur eftir áramót og jafnframt 4. fundur vetrarins var haldinn 18. febrúar 2005 í Fræðslumiðstöð Reykjavíkur. Sá fundur var sameiginlegur fundur Eta- og Gammadeildar. Gerður G. Óskarsdóttir, fræðslustjóri, fræddi okkur um stefnu Reykjavíkurborgar í fræðslumálum.

Fimmti fundurinn var haldinn í Verslunarskóla Íslands 28. apríl. Þá kynntu tungumálakennarar innan Eta-deildar, sjálfar sig og starf sitt.

Sjötti fundur vetrarins var ekki eiginlegur fundur heldur heimsókn í Þjóðleikhúsið þann 25. maí. Við fengum leiðsögn um húsið, skoðuðum aðstöðu baksviðs, búningaherbergi og græna herbergið. Að því loknu hittum við þjóðleikhússtjóra, Tinnu Gunnlaugsdóttur, sem fræddi okkur um sína sýn á leikhússtarf og hvað væri framundan. Einnig fræddi Hlín Agnarsdóttir okkur um starf dramaturgs í leikhúsi.

Seinna árið, þ.e. 2005 – 2006 voru einnig haldnir 6 fundir.

Í upphafi starfsársins bættust tvær nýjar konur í hópinn, þær Bergþóra Gísladóttir og Sif Vígbórsdóttir. Bergþóra var áður í Delta-deilda á Vesturlandi og Sif var í Zeta-deild á Austurlandi.

Fyrsti fundur vetrarins var haldinn 4. október í Skipholti 37. Stefanía V. Stefánsdóttir flutti okkur erindi sem hún nefndi "Neysluhættir unglinga í tveimur grunnskólum Reykjavíkurborgar" og byggði á meistaraverkefni hennar.

Annar fundur var haldinn í húsakynnum Menntaskólans í Kópavogi 7. nóvember. Á þeim fundi fjallaði Rannveig Lund um lestrar- og stafsetningarörðugleika.

Jólafundur var haldinn 2. desember í Skipholti 37 hjá Stefaníu Stefánsdóttur. Á borðum var jólamatur og gestur okkar að þessu sinni var Guðjón Friðriksson, sem sagði okkur frá nýrri bók sinni um Hannes Hafstein.

Fyrsti fundur á þessu ári var haldinn þriðjudaginn 14. febrúar á *Kaffi Reykjavík*. Gestur fundarins var Þorgerður Einarsdóttir, dósent í kynjafræðum við Háskóla Íslands og flutti erindi um orðræðu í tengslum við skólastarf og kynjamun.

Forseti landssamtakanna Delta Kappa Gamma, Ingibjörg Einarsdóttir, kom á fundinn en það er liður í starfi forseta að sækja allar deildir heim.

Næsti fundur var miðvikudaginn 22. mars í Menntaskólanum í Kópavogi. Þá kynntu konur innan deildarinnar sem eru stjórnendur starfssvið sitt.

Áður bauðst okkur að snæða af gnægtarborði matreiðslunema í skólanum á uppskeruhátíð þeirra, *Kjöt, brauð og vín*. Og orð til umhugsunar á þeim fundi voru flutt í formi harmonikkutónlistar. Þessi fundur var óvenjulegur og eftirminnilegur.

Sjötti og síðasti fundur vetrarins er aðalfundurinn sem við nú sitjum. Dagskrá hans er hefðbundin aðalfundarstörf. Sú stjórn sem setið hefur s.l. kjörtímabil lætur öll af störfum.

Í vetur hafa fundir byrjað kl. 18 og boðið hefur verið upp á að kaupa léttan kvöldverð.

Það hefur gefist vel að skipta deildinni í hópa og hafa eina stjórnarkonu í hverjum hóp.

Fjöldi félaga í Eta-deild er núna 28.

f.h. stjórnar
Gerður Guðmundsdóttir
Formaður